

Frá Leiklistarsambandi Íslands

Reykjavík, 22. janúar 1991.

Alþingi

Til Menntamálanefndar neðri deildar Alþingis
b.t. Ragnars Arnalds, formanns.

Erindi nr. P 1131389

komudagur 25/1 19 91

Virðulega menntamálanefnd!

Leiklistarsamband Íslands hefur nú að beiðni yðar fjallað um frumvarp til laga um listamannalaun, 139. mál. Meginniðurstöður þeirrar umfjöllunar eru sem hér segir:


Leiklistarsamband Íslands fagnar því að fram skuli komið nýtt frumvarp til laga um listamannalaun. Þær breytingar sem þar eru boðaðar á skipulagi launamála og kjörum íslenskra listamanna virðast mikið framfaraspor, því tekið er á málum starfslauna, listamannalauna og heidurslauna í heild sinni og var löngu orðið tímabært. Við lýsum sérstakri ánægju með að laun skuli miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands, en ekki byrjunarlaun framhaldsskólakennara eins og til þessa hefur tíðkast. Þá fagnar Leiklistarsambandið fjölgun mánaðarlauna, en bendir jafnframt á að tryggja þurfi árlega nauðsynlegar fjárveitingar hins opinbera til sjóðsins ella muni ástand þessara mála verða verra en nú er.

Að mati Leiklistarsambands Íslands hefur hið nýja frumvarp þó einn alvarlegan galla, sem kemur í veg fyrir að við getum mælt með að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi, því þar hefur leikhúslistafólk orðið algerlega útundan. Sýnist okkur nauðsynlegt að bæta fjórða sjóðnum við í 3. gr. frumvarpsins, þar sem leikhúslistamenn gætu notið sömu réttinda og aðrir skapandi listamenn. Við bendum á að einungis rösklega 60 leikarar og dansarar njóta fastráðningar við atvinnuleikhúsin, en í Félagi Íslenskra leikara eru 294, þ.m.t. leikarar, dansarar, óperusöngvarar og leikmynda- og búningahönnuðir; einungis 2 leikstjórar njóta fastráðningar en í Félagi leikstjóra á Íslandi eru 65 félagar. Loks er vert að geta þess að leikhúslistamenn eru fleiri en leikarar og leikstjórar. Rétt er að benda á að aðrar fjárveitingar en þær sem renna til rekstrar leiklistarstofnana eru af mjög skornum skammti. Hér er átt við fjárveitingar til sjálfstæðra atvinnuleikhópa, sem eru aðeins 4 miljónir á fjárveitingum yfirstandandi árs og hrökkva skammt til stórræða á sviði nýsköpunar í leiklist.


Til að ráða bót á þessum galla á frumvarpinu minnum við á að þegar hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp um starfslaunasjóð leikhúslistafólks (sjá: 101. mál á 112. löggjafarþingi) sem við sjáum ekki betur en að uppfylli flest skilyrði sem þarf til að falla inn í hið nýja heildarfrumvarp um listamannalaun sem hér um ræðir. Við vísum til greinargerðarinnar með frumvarpi um starfslaunasjóð leikhúslistamanna til frekari skýringar á viðbrögðum okkar.

Virðingarfyllst

f.h. Leiklistarsambands Íslands



Sigrún Valbergsdóttir
formaður



Jón Viðar Jónsson
ritari



Árni Ibsen
gjaldkeri